



# ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARDAR

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Hafnarfirði, 10. janúar 2013

## Efni: Svar við bréfi bæjarráðs Hafnarfjarðar dagsettu 19. desember 2012 um hagræðingu í stjórnsýslu Hafnarfjarðarbæjar – tillaga úr bæjarstjórn

Eins og skipan íþrótt- og tómstundanefndar Hafnarfjarðarbæjar er í dag er formaður ÍBH áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt. Að mati ÍBH er undanfarin ár búið að hagræða mikið í stjórnsýslu bæjarins og í umræddum málaflokki. Má þar nefna að íþróttaráði Hafnarfjarðar var breytt í íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar. Einnig er það mat ÍBH að nefndin hafi undanfarin misseri sjálf gætt aðhalds og hagræðingar með því að funda sjaldnar ef aðstæður í samfélaginu hafa boðið upp á það. Hins vegar er ekki hægt að horfa framhjá því að íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar sinnir ákveðnum verkefnum. Ef það er ætlunin að leggja hana niður þá hlýtur fólk að spyrja að því hver eigi að sinna verkefnum hennar? Ætlar fjölskylduráð að lengja sinn fundartíma eða fjölga fundum í hverjum mánuði? Er einhver hagræðing í því? ÍBH lítur á íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar sem mikilvægan vettvang til umræðna og skoðanaskipta um íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsmál milli íþróttahreyfingarinnar og bæjarins. Þessir aðilar hafa undanfarin ár m.a. þróað með sér samvinnu um forvarnir barna og unglings í bæjarféluginu og hefur árangurinn verið eftirtektarverður undanfarin misseri og er það mat ÍBH að lítil hagræðing sé fólgin í því að kasta þeim árangri fyrir borð.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH